

Sumarsýning í Reykholti



1. júlí til 6. ágúst 1990
Opin daglega kl. 13.00—18.00

Um nokkurra ára skeið hafa sveitastjórnir og menntamálaráðuneytið staðið fyrir svokölluðum M-hátíðum úti um land að frumkvæði þess síðarnefnda. Vorið 1990 kom það í hlut Vesturlands að standa að M-hátíð og var hún sett í Reykholti þann 31. marz. Síðan hafa látlaust verið leiksýningar, málverka- og listsýningar, tónleikar, bókmennta- og skáldakynningar, Guðspjónustur og ýmsar aðrar samkomur undir merkj-

um hátíðarinnar um allt Vesturland.

Frá 1. júlí til 6. ágúst verður listsýning í gamla skólahúsinu í Reykholti. Þar munu sýna verk sín borgfirzkir atvinnulistamenn, burtfluttir og starfandi í héraðinu. Gamla skólahúsið sjálft er verk Guðjóns Samúelssonar, þekktasta arkitekts Íslendinga og verður það vettvangur sýningarinnar.

Reykholt í Borgarfirði er einn þekktasti sögustaður Íslands. Þar hefur verið kirkjustaður frá því í öndverðri kristni og var á 13. öld aðsetur Snorra Sturlusonar skálds og sagnfræðings, sem jafnframt var einn voldugasti höfðingi landsins. Í Reykholti urðu til frá hans hendi heimsfræg bókmenntaverk svo sem Heimskringla og Edda, miklar gersemir íslenzkrar menningar og norrænnar. Þar var öldum saman varðveittur elzti texti sem til er í frumriti á norrænu máli, Reykholtsmáldagi, sem er skrá um eignir og réttindi st. Péturs kirkju þar, frá síðasta fjórðungi 12. aldar.

Í Reykholti bjó um skeið Oddur Gottskálksson lögmaður, sá er þýddi nýja testamentið á íslenzku og kom sú þýðing út í Hróarskeldu árið 1540. Næstu tvær aldir eftir siðbót voru þar merkir prestar sömu ættar, bókmennta- og fræðimenn. Síra Finnur Jónsson var höfundur Historia Ecelesiastica Islandiae, kirkjusögu Íslands. Sonur hans var síra Hannes fræðimaður og síðastur biskupa á Skálholtsstóli eftir Finn föður sinn.

Frá 1930 hefur starfað skóli í Reykholti, fyrst alþýðuskóli, í anda Grundtvigstefunnar, síðan Héraðsskóli.

Nú er verið að reisa nýja kirkju í Reykholti ásamt Snorrastofu; bókhölu, sem ætlað er að kynna verk Snorra Sturlusonar og íslenzkan menningararf.

Verið velkomin í Reykholt á sýningu borgfirzku listamanna. Góða ferð heim og góða heimkomu.

Í Reykholti á Úrbanusmessu 1990

Geir Waage
sóknarprestur.

Í noen árs tid har kommunestyre og utdanningsdepartementet stått for planlegging og gjennomføring av Kulturspill rundt om på Island. Våren 1990 står Vest-Island for Kulturspillene og de ble åpnet på Reykholt den 31. mars. Siden har det rundt om på Vest-Island vært holdt en rekke teaterforestillinger, maleri- og kunstutstillinger, konserter, litteratur- og forfatterpresentasjoner, Gudstjenester og ulike andre sammenkomster i Kulturspillenes navn.

Fra 1. juli til 6. august vises en kunstutstilling i Reykholt's gamle skolebygning. De utstilte arbeidene er alle av borgarfjordkunstnere, det vil si utøvende kunstnere med tilknytning til Borgarfjorddistriktet, noen har nå flyttet herfra, mens andre arbeider her fortsatt. Huset utstillingen holdes i ble i sin tid tegnet av Islands mest kjente arkitekt Guðjón Samúelsson.

Reykholt i Borgarfjord er et av Islands mest kjente historiske steder. Det har vært kirkested her helt fra kristningstiden. På 1200-tallet hadde Snorre Sturlason, den store skald og historiker, sitt hovedsete her. Snorre var også en av Islands mektigste høvdinger, men æres først og fremst som forfatter av merkebøker i verdenslitteraturen slik som „Heimskringla“ og „Edda“, uvurderlige klenodier i Islandsk og Norrøn kultur. De ble skrevet på Reykholt.

Dessuten har den eldste norrøne tekst som er bevart i originalskrift, „Reykholtsmáldagi“, blitt oppbevart her opp gjennom århundrene. Skriften er en fortegnelse over de eiendommer og rettigheter som St. Peters-kirken på Reykholt hadde og den er tidfestet til siste fjerdepart av 1100-tallet. I en periode bodde lagmannen Oddur Gottskálksson på Reykholt. Han oversatte Det Nye Testamentet til Islandsk og fikk det trykt i Roskilde i 1540. De neste to århundrene etter reformasjonen bodde her prester som var etterkommere av Oddur og som på forskjellig vis gjorde seg bemerket i islandsk litteratur- og kulturliv. Presten og senere biskop Finnur Jónsson forfattet Islands kirkehistorie: „Historia Ecelesiastica Islandiae“. Sønnen hans var biskop Hannes Finnson, den siste biskop som satt på Skálholt bispesete.

Det har vært skole på Reykholt fra 1930, først folkehøgskole i grundtvigiansk ånd og senere herredsskole.

I dag er ny kirke under bygging på Reykholt og dessuten Snorrastofa, et bibliotekshus som er tiltenkt å skulle presentere Snorre Sturlassons skrifter og islandsk kulturarv generelt. Velkommen til borgfjordske kunstneres utstilling. Måtte Dere ha en god hjemreise etterpå, og en god hjemkomst.

Reykholt, Urbanusmesse 1990
Geir Waage, sóknarprestur.

Seit einigen Jahren organisieren Bezirksverwaltungen auf Initiative des isländischen Kulturministeriums und in Zusammenarbeit mit diesem das sogenannte M-Festival in verschiedenen Landesteilen. Im Frühjahr 1990 fiel es Gemeinden in Westisland zu, das M-Festival vorzubereiten, und am 31. März d.J. wurde es in Reykholt eröffnet. Seitdem finden ununterbrochen Theatervorstellungen, Gemälde- und Kunstexhibitionen, Konzerte, aber auch Literaturtage, Gottesdienste und andere Zusammenkünfte als Programmpunkte des Festivals statt.

Zwischen 1.7. und 6.8. wird im alten Schulgebäude in Reykholt eine Kunstausstellung gezeigt, die Werke von lokalen Künstlern — ansässigen wie weggezogenen — zusammenfasst. Die Baupläne für das alte Schulhaus stammen von Islands bekanntestem Architekten, Guðjón Samuelsen (siehe auch Hallgrímskirkja in Reykjavík u.a.).

Reykholt in Borgarfjörður gehört zu den bekanntesten, historischen Orten Islands. Schon in frühester, christlicher Zeit stand hier eine Kirche, und im 13. Jahrhundert lebte der Dichter und Historiker Snorri Sturluson, einer der mächtigsten Häuptlinge des Landes, in Reykholt. Hier entstanden so weltberühmte Werke wie Heimskringla („Weltkreis“) und die Edda, grosse Kostbarkeiten isländischer und nordischer Kultur. Viele Jahrhunderte lang wurde in Reykholt der älteste, erhaltene Originaltext in nordischer Sprache, Reykholtsmáldagur genannt, aufbewahrt — ein Verzeichnis über Besitztümer und Rechte der St.-Peters-Kirche in Reykholt aus dem letzten Viertel des 12. Jahrhunderts.

Der Gesetzessprecher Oddur Gottskálksson lebte einige Zeit in Reykholt. Er übersetzte das Neue Testament ins Isländische und brachte die Übertragung 1540 in Roskilde heraus. In den darauffolgenden zwei Jahrhunderten wirkte in Reykholt eine einflussreiche Kleriker-Sippe, Poeten und Gelehrte. Darunter finden sich Männer wie Pastor Finnur Jónsson, Verfasser der Kirchengeschichte Islands, Historia Ecclesiastica Islandiae, und sein Sohn, Pastor Hannes Finnson, Gelehrter, und als Nachfolger seines Vaters letzter Bischof von Skálholt aus dieser Familie.

Seit 1930 ist Reykholt Schulzentrum. Zunächst wurde eine Volkshochschule im Sinne des Dänen Grundtvig gegründet, der eine Bezirksschule folgte.

Zur Zeit wird in Reykholt eine neue Kirche sowie eine Bibliothek, genannt „Snorrastofa“, errichtet, welche zur Aufgabe hat, das Werk Snorri Sturluson's und isländisches Kulturerbe bekanntzumachen.

Wir heissen Sie willkommen zu unserer Ausstellung von Künstlern aus Borgarfjörður. Gute Heimreise und gute Ankunft zu Hause!



Ásgerður Búadóttir

Ásgerður stundaði nám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands og Det Kongelige Akademi í Kaupmannahöfn. Hún hefur haldið sjö einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í mörgum samsýningum hér og erlendis.

Ásgerður er fædd í Borgarнесi, dóttir Búa Ásgeirssonar og Ingibjargar Teitsdóttur, sem var afkomandi Teits Simonarsonar á Hvanneyri og átti alla ætt sína innan hér-aðsins.



Áslaug Jónsdóttir

Áslaug Jónsdóttir stundaði nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands 1984—1985 og Skolen for Brukskunst i Kaupmannahöfn 1985—1989.

Hún er fædd og uppalin í Melaleiti, Melasveit en býr nú í Kaupmannahöfn.



Bjarni Þór Bjarnason

Bjarni Þór stundaði nám við hinar ýmsu deildir í Myndlistaskóla Reykjavíkur og Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1974—1980.

Hann hefur haldið fjórar einkasýningar og tvær sam-sýningar á Akranesi.

Bjarni Þór er búsettur á Akranesi.



Elín Magnúsdóttir

Elín stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Gerrit Reitveldt Akademie í Amsterdam.

Hún hefur haldið fimm einkasýningar hér á landi, í Hollandi og Belgíu og tekið þátt í samsýningum í Reykjavík og Sviss.

Elín er búsett í Reykjavík, en hefur starfað sem myndmenntakennari á Varmalandi.



Elísabet Haraldsdóttir

Elísabet stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og listaháskólann í Vínarborg Austurríki 1971—1976.

Hún hefur tekið þátt í samsýningum í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði, Austurríki og á Norðurlöndunum, og haldið eina einkasýningu í Reykjavík.

Elísabet býr nú á Hvanneyri.



Guttormur Jónsson

Guttormur stundaði nám í Myndlistaskóla Reykjavíkur 1978—1981.

Hann hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga.

Guttormur hefur búið á Akranesi frá árinu 1963.



Helena Guttormsdóttir

Helena stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1985—1989, og Myndlistaskólann í Reykjavík 1986—1989.

Helena er fædd og uppalin á Akranesi.

„Þú plataðir mig einu sinni.
Síðan þá er ég á varðbergi.“




Helga Magnúsdóttir

Helga stundaði nám við
Myndlistaskóla Reykjavíkur
1984—1985 og síðan við
Myndlista- og handíðaskóla
Íslands 1985—1989.

Helga er fædd og uppalin í
Björk í Reykholtssdal.

Helga er búsett í
Reykjavík.



Hreinn Elíasson

Hreinn hóf myndlistarnám
1954 við Myndlistaskóla
Reykjavíkur og síðan við
Myndlista- og handíðaskóla
Íslands. Hann stundaði fram-
haldsnám í Hamborg og
Glasgow.

Hreinn hefur unnið að
myndlist eingöngu síðan 1978
og haldið fjórtán einkasýn-
ingar auk samsýninga.

Hreinn er búsettur á
Akranesi.



Hrönn Eggertsdóttir

Hrönn stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist 1974.

Hún hefur haldið þrjár sýningar á Akranesi og á Húsavík og auk þess tekið þátt í samsýningum.

Hrönn er búsett á Akranesi.



Jónína Guðnadóttir

Jónína stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Myndlistaskólann í Reykjavík og Konstfackskólann í Stokkhólmi.

Hún hefur tekið þátt í samsýningum víða um heim m.a. í Japan, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum. Einkasýningar hennar eru orðnar sjö talsins.

Jónína bjó á Akranesi frá því hún var á þriðja aldursári og fram yfir tvítugt.




Kristín María Ingimarsdóttir

Kristín stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1982—1984 og við San Francisco Art Institute 1984—1986.

Hún hefur tekið þátt í sjö samsýningum í Reykjavík og Bandaríkjunum.

Móðir hennar Guðrún Gunnarsdóttir er fædd og uppalin á Gestsstöðum í Norðurárdal, nú búsett á Hvanneyri.



Magnús Tómasson

Magnús stundaði nám við Det Kongelige Akademi for de Skønne Kunster i Kaupmannahöfn 1963—1969 í málalist, grafík og deildinni fyrir „Mur og Rumkunst“.

Hann hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum hér heima og víða um heim.

Magnús hefur vinnustofu á Ökrum III í Hraunhreppi.



Marlies Wechner

Marlies er fædd í Sviss og stundaði nám við F+F=Schule für experimentelle Gestaltung í Zurich 1978—1981 og við Myndlista og handíðaskóla Íslands 1984—1985.

Hún hefur verið búsett á Akranesi frá árinu 1989.



Ólöf Erla Bjarnadóttir

Ólöf Erla stundaði nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands 1974—1977 og 1980—1982.

Hún hefur tekið þátt í samsýningum víða um land síðan 1982.

Ólöf er afkomandi Hallvarðs Einvarðssonar og Sigríðar Jónsdóttur sem bjuggu í Skutulsey á Mýrum. Hún er búsett á Hvanneyri og hefur vinnustofu á fjósloftinu þar.




Páll Guðmundsson

Páll stundaði nám við Myndlist- og handíðaskóla Íslands frá 1977—1981 og Listaháskólann í Köln í Vestur-Þýskalandi frá 1985—1986.

Hann hefur haldið fjölda einkasýninga og samsýninga í Reykjavík, Borgarfirði og Vestur -Þýskalandi.

Páll er ættaður frá Húsafelli og býr þar.




Sigríður Ásgeirsdóttir

Sigríður stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík frá 1976—1978. Edinburg College of Art 1979—1984 og Hein Derix Studio Vestur Þýskalandi 1984 í glerlistanámi.

Hún hefur haldið fimm einkasýningar og tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis.

Sigríður er ættuð frá Gilsbakka, Hvítársíðu, en ólst upp í Borgarnesi.



Svanborg Matthíasdóttir

Svanborg stundaði nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands 1980—1985 og við Jan van Eyck Akademie í Hollandi 1985—1987.

Hún er uppalin á Akranesi.



Vignir Jóhannsson

Vignir útskrifaðist úr Myndlista og handíðaskóla Íslands 1978 og nam við Rhode Island School of Design í Bandaríkjunum árin 1979—1981.

Hann hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum hér heima og í Bandaríkjunum.

Vignir er fæddur og uppalin á Akranesi.



hotel edda

ávallt skammt undan

Ferðaskrifstofa Íslands · Sími: 91-25855

Skógarhlíð 6 · 101 Reykjavík